

Ed.

### 513. Frumvarp til laga

[177. mál]

um framlengingu á heimild ríkisstjórnarinnar til að nota yfirdráttarheimild Íslands hjá Greiðslubandalagi Evrópu.

Frá fjárhagsnefnd.

#### 1. gr.

Af yfirdráttarheimild þeirri, sem Ísland hefur sem þátttakandi í Greiðslubandalagi Evrópu, að fjárhæð fimmtán milljónir dollara, heimilast ríkisstjórninni, ef hún telur nauðsynlegt, að nota allt að átta milljónum dollara.

Jafnóðum og heimildin er notuð, skal andvirðið í krónum greitt inn í sérstakan reikning í Landsbanka Íslands og því varið, þegar er gjaldeyrisástæður leyfa, til endurgreiðslu á yfirdráttarláninu, enda má ekki nota féð til annars.

#### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

#### Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að beiðni viðskiptamálaráðherra, en nefndarmenn áskilja sér óbundið atkvæði um málið.

Frv. fylgdu eftirfarandi athugasemdir.

Með lögum nr. 30/1951 veitti Alþingi ríkisstjórninni heimild til að nota yfirdráttarheimild Íslands hjá Greiðslubandalagi Evrópu, allt að fjórum milljónum dollara á fjárhagsárum Greiðslubandalagsins 1950—51 og 1951—52. Var sú heimild framlengd með lögum nr. 6 1953 fyrir fjárhagsár Greiðslubandalagsins 1952—53 og 1953—54.

Í frumvarpinu er heimildarnotkunin ekki tímabundin, þar eð ekki er vitað, hversu lengi Greiðslubandlag Evrópu heldur áfram störfum.

Önnur breyting frá lögum nr. 6 1953 er sú, að yfirdráttarheimildin er hækkuð úr 4 millj. dollara upp í 8 millj. dollara.

Í febrúarlök nam skuld Íslands við Greiðslubandalagið 3870000 dollurum. Fyrirsjáanlegt er, að á næstu mánuðum þurfa útgjöldin í EPU-gjaldeyri að vera miklu meiri en tekjurnar. Er þetta sama sagan sem endurtekur sig hvert ár, því að mikill meiri hluti framleiðslu hvers árs er ekki fluttur út fyrr en á seinna missirinu.

Halli sá, sem var á gjaldeyrisviðskiptum við Greiðslubandalagið á árunum 1950—1953, var að mestu greiddur með sérstökum gjöfum Bandaríkjustjórnar. Nú er þeirri efnahagsaðstoð lokið, og er að dómi ríkisstjórnarinnar óhjákvæmilegt að stofna til bráðabirgðaskuldar við Greiðslubandalagið næstu mánuðina. Að öðrum kosti yrði að takmarka verulega innflutning frá Vestur-Evrópu, t. d. til raforkuframkvæmda og bygginga.

Samtímis því, sem aðstaðan gagnvart Greiðslubandalagi Evrópu fer versnandi, hefur dollaraaðstaðan batnað. Nemur nú dollaraeign landsins hærri upphæð en þeirri, sem gert er ráð fyrir að nota þurfi af yfirdrætti Íslands hjá Greiðslubandalaginu.